



Skagafjörður

Fjárhagsáætlun 2016

- greinargerð sveitarstjóra -



Fjárhagsáætlun 2016

Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 9. desember 2015.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2016 er hér lögð fram til seinni umræðu. Fjárhagsáætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Grunnur að allri þessari vinnu er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Fjárhagsáætlunin samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og samantekinn A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skila rekstrarafgangi upp á 53 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 376 m.kr.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri og dregið hefur úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins og ekki hefur orðið veruleg þjónustuskerðing, þótt aðhald hafi vissulega verið mikið. Aðhald verður áfram í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og áfram verður leitað hagræðingartækifæra en þó ávallt með það að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar en tapi á rekstri A -hluta en slíkt er ekki ásættanlegt til lengri tíma lítið.

Helstu forsendur áætlunar:

Gert er ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2016 verði **3,2 %** og er það í takt við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þá er einnig stuðst við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2016. Reiknað er með óbreyttu atvinnustigi. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2016 verði hámarksútsvar, þ.e. 14,48% af útsvarsstofni, að viðbættri hækkun sem kveðið verður á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli fyrirhugaðs samkomulags ríkis og sveitarfélaga um endurmat á yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Gengið er út frá að lagabreyting þessa efnis verði afgreidd fyrir lok haustþings. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.



Skagafjörður

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt áætlun frá þeim en skerðing var á framlögum frá Jöfnunarsjóði á árum áður sem ekki hefur náðst að jafna.

Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breytist ekki á milli ára.

Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum heilt yfir hjá stofnunum sveitarfélagsins sem taka fyrst og fremst mið af vísitöluhækkunum og kjarasamningshækkunum launa.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Áætlunin er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64.gr. nýrra sveitarstjórnarlaga segir að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60.gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má nú undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall áætlað 137% á árinu 2016. Ef undanskildar eru tekjur og gjöld veitu- og orkufyrirtækja og dreginn frá sá hluti lífeyrisskuldbindinga sem heimilt er af heildarskuldum og skuldbindingum samkvæmt reglugerð er skuldahlutfallið 120%.

	A og B hluti			
	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019
Tekjur:				
Skatttekjur	2.091.832	2.133.987	2.198.007	2.263.947
Framlög jöfnunarsjóðs	754.216	775.918	798.271	821.295
Aðrar tekjur	1.575.574	1.600.059	1.620.586	1.642.169
Heildartekjur	4.421.622	4.509.964	4.616.863	4.727.410
Skuldir og skuldbindingar:				
Skuldir og skuldbindingar	6.046.215	6.185.757	6.196.100	6.089.593
Skuldir og skuldb.veitu	960.599	943.281	925.410	903.534
Lífeyrisskuldbinding	1.031.203	1.045.723	1.057.243	1.067.763
Skuldahlutfall:				
Heildarskuldir / tekjur	1.37	1.37	1.34	1.29
Heildarsk-lif.sk / tekjur	1.30	1.30	1.28	1.23
Heildarsk-veitu- lífsk / tekjur-tekjur veitu	1.20	1.22	1.20	1.15



Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016

Rekstur:

Áætlun ársins gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **4.422 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **3.801 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **4.067 m.kr.**, þ.a. A-hluti **3.680 m.kr.** Rekstrarhagnaður A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði eru **519 m.kr.**, afskriftir nema **164 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **302 m.kr.**, rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **53 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **220 m.kr.**, afskriftir nemi **100 m.kr.**, fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nemi **221 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **101 m.kr.**

Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2016 **7.790 m.kr.**, þ.a. eignir A-hluta **5.988 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **6.046 m.kr.**, þ.a. hjá A-hluta **5.076 m.kr.** Eigið fé er áætlað **1.744 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall **0,22**. Eigið fé A-hluta er áætlað **911 m.kr.** og eiginfjárlutfall **0,15**. Ný lántaka er áætluð **850 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og að afborganir eldri lána og skuldbindinga verði um **738 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.031 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **940 m.kr.** hjá A-hluta.

Sjóðsstreymisyfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði um **153 m.kr.**, veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals **376 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði **132 m.kr.**


Þrátt fyrir að aðhalds sé gætt í rekstri þá er gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2016 fyrir **371 m.kr.**, sem er afar mikilvægt fyrir samfélagið í heild sinni. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er endurbætur á Sundlaug Sauðárkróks.

Þróun tekna.


Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkunar að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og má segja að tekjugrundvöllur sveitarfélagsins sé ekki sá sami og var áður. Skatttekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag.



Skatttekjur 2009 – 2016



Framlög Jöfnunarsjóðs 2008 – 2016



Mismunur á áætluðum framlögum Jöfnunarsjóðs á árinu **2016** og uppreiknuðum framlögum ársins **2008** er um **317 m.kr.** Mismunur á milli árunna **2009** og **2016** eru **22 m.kr.** Það er því augljóst að þessi lækkun skatttekna hefur haft áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins undanfarin ár.



Almenn útgjöld.

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 2.524 m.kr og er það hækkun um 15,2% frá árinu 2014 þrátt fyrir að stöðugildum hafi fækkað. Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður hækki um 0,9%.

Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflökkurinn tekur til sín örlítið herra hlutfall í ár eða **57,7%**, en var með **57%** í áætlun ársins 2015. Má þó segja að vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem ráðist var í, m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hafi tekist að ná málaflöknum niður og hann því farinn að taka til sín lægra hlutfall skatttekna en áður þar sem árið 2011 fóru **61,8%** af skatttekjum til málaflökksins. Helsta ástæða hækkunar á milli árána 2015 og 2016 eru kjarasamningshækkanir. Hlutur annarra málaflökka er svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Athygli vekur þó að hlutfall félagsþjónustu eykst enn á milli ára. Hreinlætismál (sorphirða) vegur sífellt þyngra í rekstri sveitarfélagsins ár frá ári, lækkar þó aðeins. Næst á eftir fræðslumálum koma æskulýðs- og íþróttamál með **11,4%** af skatttekjum og sameiginlegur kostnaður með **8%** af skatttekjum.

Rekstur málaflökka:					
A-hluti					
Skatttekjur	-2.921.528			-2.921.528	
	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		% af skattt.
Félagsþjónusta	-329.656	333.350	201.158	204.852	7,0%
Heilbrigðismál			7.164	7.164	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	-232.009	1.305.885	612.086	1.685.962	57,7%
Menningarmál	-69.135	96.435	120.271	147.571	5,1%
Æskulýðs- og íþróttamál	-109.370	174.160	269.304	334.094	11,4%
Brunamál og almannavarnir	-31.641	69.262	36.548	74.169	2,5%
Hreinlætismál	-62.910		101.516	38.606	1,3%
Skipulags- og byggingamál	-3.300	35.826	15.672	48.198	1,6%
Umferðar- og samgöngumál	0	528	82.066	82.594	2,8%
Umhverfismál	-2.580	33.178	49.248	79.846	2,7%
Atvinnumál	-14.930	21.632	61.543	68.245	2,3%
Sameiginlegur kostnaður	-29.136	145.105	118.669	234.638	8,0%
Lífeyrisskuldbinding		70.000		70.000	2,4%
Óvenjulegir liðir		30.000		30.000	1%
Fjármagnsliðir			5.642	5.642	0,2%
	-3.806.195	2.315.361	1.680.887	190.053	
Aðrir sjóðir í A-hluta:	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Eignasjóður	-623.368	27.867	464.358	-131.143	
Þjónustustöð	-37.212	36.918	41.912	41.618	
Millifærslur	666.237		-666.237		
	5.657	64.785	-159.967	-89.525	
Sveitarsjóður A-hluti	-3.800.538	2.380.146	1.520.920	100.528	3,4%



Skagafjörður

Sjóðir í B-hluta	Tekjur	Launaliðir	Aðrir liðir		
Félagsbúðir Skagafjarðar	-84.020		74.136	-9.884	
Fráveita	-96.856	12.820	25.148	-58.888	
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-95.569	25.493	41.971	-28.105	
Tímatákn ehf.	-2.000		2.300	300	
Hitaveita	-373.768	105.203	243.367	-25.198	
Vatnsveita	-82.252	0	50.646	-31.606	
Sjóveita	-2.740	0	2.738	-2	
Millifærslur	53.006		-53.006	0	
Samtals B-hluti	-684.199	143.516	387.300	-153.383	
Samantekið A + B hluti	-4.484.737	2.523.662	1.908.220	-52.855	

Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%
Æskul og íþrm	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%
Umhv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%



Skagafjörður

Fjárfestingar og framkvæmdir.

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2016 fyrir 371 m.kr, skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt verði hjá eignasjóð fyrir 262 mkr, hafnarsjóð fyrir 17 m.kr og hjá veitum fyrir 93 m.kr.

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	261.900
Hafnarsjóður	17.000
Skagafjarðarveitur	92.500
Fjárfestingar og framkvæmdir alls	371.400

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **58,6 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er við að ná fram auknu hagræði í rekstri og lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin. Ber að þakka þann árangur sem þegar hefur náðst en jafnframt vil ég brýna menn áfram til góðra verka í þeirri vinnu sem er í gangi og framundan er. Aðhalds þarf áfram að gæta í starfsmannahaldi sem og í innkaupum. Vinnu okkar er ekki lokið og vænti ég áframhaldandi góðrar samvinnu allra aðila svo halda megi þannig á málum að við getum áfram rekið hér gott samfélag sem er í stakk búið til að veita íbúum sínum góða þjónustu og þannig stuðla að áframhaldandi jákvæðri þróun í vexti og viðgangi sveitarfélagsins.

Sauðárkróki 8. desember 2015

Ásta Björg Pálmadóttir
Sveitarstjóri